

Sp. 216. Tillaga til þingsályktunar [157. mál]

um réttlátari reglur í veitingu húsnæðislána á landsbyggðinni.

Flm.: Lárus Jónsson, Magnús Jónsson, Pálmi Jónsson,
Matthías Bjarnason.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að láta endurskoða reglugerð um úthlutun lána húsnæðismálastjórnar í því skyni, að fullt tillit sé tekið til sérstöðu húsnæðismálastjórnar á landsbyggðinni, þannig að fólk, sem hefur húsnæðismálastjórn á eðlilegum árstíma, miðað við aðstæður, þar sem það býr, hafi jafna möguleika til húsnæðisláns á því ári og húsnæðismálastjórn á mesta þéttbýlissvæði landsins.

Greinargerð.

Í reglugerð um veitingu íbúðarlána á vegum húsnæðismálastjórnar er miðað við komutíma lánsúmsókna og hvenær viðkomandi húsnæði verður fókheld. Miðað er við, að úmsóknir, sem hljóða á nafn, þurfi að vera komnar fyrir 1. febr. ár hvert, til þess að lán fái á því ári. Þessi regla er mjög óeðlileg gagnvart húsnæðismálastjórn á landsbyggðinni, vegna þess að aðstaða þar til lóðaúthlutunar er víða erfið og því oft á tíðum óhægt um vik að afla lóðasamninga og teikninga fyrir 1. febrúar. Þá er og á það að líta, að sé úthlutun miðuð við eindaga fókheldisvottorðs, sem er snemma á hausti, er það mjög óhagstætt fyrir þau byggðarlög, sem búa við frumstaðari byggingartækni, óhæga aðstöðu til öflunar sérhæfðs vinnuafls, svo og ólíðari náttúruskilyrði en eru hér suðvestanlands.

Reglan um komutíma úmsókna, sem hljóða á nafn einstaklings, er sérstaklega óhagstæð fyrir verktaka í byggingaiðnaði, einkum byggingaverktaka á landsbyggðinni. Ljóst er, að vel má standa að sölu þeirra íbúða, sem hafin er bygging á í byrjun árs og eru orðnar fókheldar á hausti, þannig að hinn 1. febrúar sé unnt að leggja inn hjá húsnæðismálastjórn úmsókn um slíkar íbúðir frá kaupendum sjálfum. Þótt þetta sé vissulega örðugt hér á þéttbýlissvæðinu, tekur steininn úr á landsbyggðinni, því að þar tíðkast alls ekki að selja íbúðir á teikniborðinu, eins og mun gerast hér syðra, enda eftirspurn eftir fjölbýlishúsnæði alla jafna miklu minni á landsbyggðinni.

Reynslan sýnir, að það er mikið réttlætismál að breyta þessum reglum. Þetta hefur raunar stundum verið gert á undanförunum árum með sérstökum samþykktum húsnæðismálastjórnar hverju sinni, og hafa þá úmsóknir frá bygginaverktökum verið teknar gildar, hafi slíkar úmsóknir verið komnar fyrir 1. febr., þótt úmsóknir með nöfnum íbúðarkaupenda hafi borist síðar. Hugsanlegt væri að taka upp þá reglu, að því er þessa aðila varðar, að breyta eindaga úmsókna. Höfuðatriðið er að ná eðlilegum jöfnuði á þessu sviði milli þjóðfélagsþegna án tillits til búsetu. Í því sambandi er rétt að undirstrika, að harkaleg beiting eindaga um, að íbúðir séu fókheldar, þannig að ákveðið sé að úthluta til þeirra á yfirstandandi ári, sem hafa gert fókheld snemma á hausti, er ekki síður óréttlát regla fyrir húsnæðismálastjórn á strjálbýli en áður nefnd komutímaregla úmsókna.

Þessi tillaga er að formi til almenn áskorun á ríkisstjórnina um að leiðrétta þetta misrétti. Flm. þótti það eðlilegast, vegna þess að þeir aðilar, sem vinna að þessum málum, ættu að geta fundið þá lausn, sem fullnægir kröfum Húsnæðismálastofnunarinnar um eðlilega upplýsingaöflun og áætlunargerð um húsnæðismálastjórn, jafnframt því sem fullt tillit sé tekið til sérstöðu húsnæðismálastjórnar á búsetu, hvort sem þeir byggja yfir sig sjálfir eða kaupa af byggingaverktökum.